



REGLUR UM ÁSTUNDUN GOLFÍÞRÓTTARINNAR Á TÍMUM SAMKOMUBANNS

1. Kyllfingi er einungis heimilt að leika golfhring ef hann á til þess bókaðan rástíma.
2. Ræst skal af 1. teig með a.m.k. fimmtán mínútna millibili.
3. Óheimilt er að mæta á golfvallarsvæðið fyrr en 10 mínútur eru í bókaðan rástíma. Óheimilt er að mynda biðraðir við teiga.
4. Kyllfingar skulu yfirgefa golfvallarsvæðið strax að leik loknum.
5. Kyllfingar skulu eingöngu notast við eigin búnað, þ.m.t. golfkyllfur, bolta og tí.
6. Kyllfingar innan sama ráshóps verða að hafa a.m.k. tvo metra á milli sín.
7. Ef kyllfingar notast við golfbíl, þá er einungis heimilt að einn kyllfingur notist við hvern bíl.
8. Óheimilt er að notast við skorkort, sem aðrir í ráshópnum þurfa að undirrita.
9. Greiðslur vallaargjalda skulu fara fram í gegnum síma- eða netbúnað, ekki í golfskála.
10. Golfskálar skulu vera lokaðir.
11. Óheimilt er að snerta flaggstangir.
12. Holubollar skulu hækkaðir svo þeir standa upp úr holunum.
13. Allar hrifur, kúluhreinsibúnaður og kerrur í útleigu verða fjarlægðar til að koma í veg fyrir snertingu.
14. Allar ruslafötur verða fjarlægðar eða þeim lokað.
15. Óheimilt er að nota bekki til setu.
16. Allt skipulagt íþróttastarf skal liggja niðri, þ.m.t. öll golfmót.
17. Æfingasvæði þar sem notast er við sameiginlegan útbúnað, svo sem golfbolta, skulu vera lokað.
18. Kyllfingar þurfa að öðru leyti að virða það samkomubann sem í gildi er og gæta ítrustu varúðar þegar kemur að hreinlæti.

Framangreindar reglur eru ófrávikjanlegar og eru allir vinsamlegast beðnir um að virða þær.

Reglurnar eru gefnar út af heilbrigðisráðuneytinu þann 11. apríl 2020